

Fréttabréf



Ungir iðnaðarmenn

Launakönnun

Breytingar á vinnumarkaði



ÚT Í BLÁINN

Mínum á ferðirnar „Út í bláinn“ sem hefjast að venju eftir áramótin. Að jafnaði verður farið síðasta sunnudag í hverjum mánuði fram á vor. Fylgist með á heimasíðu FIT eða hringið í Þjónustuskrifstofu iðnfélaga í síma 535 6000 til að fá frekari upplýsingar.

IDAN-FRÆÐSLUSETUR

Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér hvað IDAN-fræðslusetur hefur upp á að bjóða. Á hverri önn eru fjölbreytt námskeið haldin í IDUNNI, bæði sérhæfð fagnámskeið og námskeið almenns eðlis.

Á haust- og vorönn gefur IDAN-fræðslusetur út Námsvísi með yfirliti yfir þau námskeið sem eru í boði á komandi önn. Námsvísirinn inniheldur auk þess upplýsingar um aðra þjónustu sem IDAN veitir s.s. náms- og starfsráðgjöf og umsýslu með náms-samningum og sveinsprófum.

Verð á námskeið IDUNNAR eru tvenns konar. Félagsmenn sem greitt er af í endurmenntunarsjóð, af atvinnurekanda, greiða lægra gjald þar sem búið er að niðurgreiða þau námskeið fyrir félagsmenn.

Allar upplýsingar um námsframboð er að finna á heimasíðu IDUNNAR idan.is.



BRIDGE

Frá því í haust hafa bridge-menn verið að hittast og spila. Áfram verður haldið eftir áramót og verður spilað annan hvern fimmtudag fram til vors. Spilað er í sal félaganna á sjöttu hæð í Borgartúni 30 og er þátttaka ókeypis. Tímasetningar og mótaskrá verður auglýst nánar á heimasíðu FIT um leið og þær liggja fyrir.

VEIÐIKORTIÐ



Félagsmenn mega vænta þess að Veiðikortið 2018 verði komið í sölu hjá FIT fyrir jól og ætti þannig að ná í jólapakkann. Ekki er mikilla breytinga að vænta, en á síðasta ári voru 35 vötn og veiðisvæði á kortinu. Það eina sem þarf að gera þegar kortið er komið í sölu er að fara inn á heimasíðu FIT, velja miðasölu og kaupa kort. Því miður er ekki komið verð á kortið þegar þetta er ritað og ekki er vænst mikillar hækkunar. Hver félagsmaður getur keypt eitt kort. Kortið kemur síðan með póstinum heim til félagsmanna.

Heldrimannaferð 2017

Fátt er góðu félagi dýrmætara en tenging við félagsmenn og þar eru „heldri félagsmenn“ ekki undanskildir. Hin árlega „heldrimannaferð“ er fastur liður í því sambandi og í ár tóku 86 félagar þátt í ferðinni, auk formanns, ljósmyndara og fararstjóra. Félagar voru sóttir frá Akranesi, Reykjanesi, Reykjavík, Hveragerði og Selfossi og í tveimur rútum var haldið að Stóra Núpi við neðri hluta Þjórsár þar sem þátttakendur fræddust um virkjanir og framtíðaráætlanir á svæðinu. Því næst lá leið manna að Hálandismiðstöðinni Hrauneyjum, ekið niður með Þjórsá, Landsveg, að Næfurholti og Lava Centre á Hvolsvelli skoðað. Þar var að auki sungið við harmonikkuleik en ferðinni lauk með viðkomu við Urriðafoss. Óhætt er að fullyrða að þessar árlegu „heldrimannaferðir“ séu sívinsælar og algjörlega nauðsynlegar til að tryggja tengingu eldri félagsmanna við FIT og að sama skapi til að félagið geti leitað í þann reynslubrunn sem þar er að finna.

Á sama tíma og heldri félagar skipta FIT miklu máli, verður ekki hjá því litið að nýliðun skiptir ekki minna máli. Síðari hluta september fór afhending sveinsbréfa fram við hátíðlega athöfn á Hótel Hilton Nordica. Venju samkvæmt var vel mætt og fengu félagsmenn FIT sveinspróf í bifreiðasmíði, bifvélavirkjun, bílamálun, blikksmíði, húsasmíði, húsgagnasmíði, málaraíðn, múraraiðn, pípulögnum og vélvirkjun. Flestir fengu sveinspróf í húasmíði, eða 19 talsins. Fátt er ánægjulegra en að sjá áhuga ungs fólks á iðngreinum og ekki síður að upplifa jákvætt viðmót þeirra í garð greinanna og þeirra framtíðarmöguleika sem þar bíða. Framtíðin er sannarlega björt með þessa nýju félagsmenn innanborðs. Um leið og við óskum þeim til hamingju með áfangann, hlökkum við til samstarfsins með þeim um ókomin ár.

Mikilvæg könnun

FIT stóð fyrir rafrænni launakönnun undir lok síðasta mánaðar en það er félaginu gríðarlega mikilvægt að fá glögga og skýra mynd af launum félagsmanna, því framundan eru kjaraviðræður við atvinnurekendur og án þessara grunnagna verður

baráttan fyrir bættum kjörum og hærri launum erfiðari. Það er ljóst að laun í byggingageiranum hafa farið verulega fram úr launum í sumum öðrum greinum og nauðsynlegt að félagið hafi réttar launaupplýsingar svo hægt sé að sækja kjarabætur hjá þeim sem dregist hafa aftur úr. Þátttaka var góð og fyrir það er þakkað.

Hvar er fagmennskan eiginlega?

Stjórnmalámennt stæra sig gjarnan af háu menntunarstigi og fagmennsku á íslenskum vinnumarkaði en því miður

HVAR ER FAG-MENNSKAN EIGINLEGA?



Hilmar Harðarson
formaður

virðist staðreyndin vera sú að alltof margir aðilar séu allt annað en faglegir. FIT hefur þannig mörg dæmi um stórvirk þar sem ekki finnst einn einasti fagmenntaður iðnaðarmaður að störfum og vandasömum verkefnum úthlutað til ófaglærðra. Slíkt er óhæfa og með því stranga og viðamikla eftirliti sem til staðar er hér á landi ættu svona vinnubrögð að sjálfsögðu ekki að viðgangast. Er nema von að spurt sé hvar fagmennskan sé eiginlega? Að sjálfsögðu á að gera gangskör að því að bæta úr þessu hið snarasta og það er hægt að fullyrða að fáir kaupendur yrðu væntanlega að íbúðum í stórhýsum ef þeir yrðu upplýstir um að fagmenntaðir iðnaðarmenn hefðu hvergi komið þar nærri. FIT mun berjast fyrir því að breyta þessu og koma fagmennskunni aftur í fyrsta sæti.

Kennitöluflakkarar á ferð og félagsleg undirboð

Flest bendir til að kennitöluflakkarar og svört atvinnustarfsemi sem erfitt er að aðgreina frá venjulegri brotastarfsemi blómstri á íslenskum vinnumarkaði. Það á ekki síst við í byggingaiðnaði en einnig víðar, til dæmis á sumum sviðum ferðabjónustu.

Enn fær það að viðgangast að einstaklingar, sem hafa orðið uppvísir að refsiverðri starfsemi í atvinnurekstri, setji félög í þrot, vísi launakröfum á Ábyrgðarsjóð launa, standi hvorki skil á gjöldum til verkalýðsfélaga né lífeyrissjóða, kaupir

svo nýtt félag með nýrri kennitölu og byrji leikinn upp á nýtt. Nýja kennitalan er skömmu síðar komin með stórt verkefni á vegum verkkaupa, sem stundum er aðili á vegum ríkis eða sveitarfélags. Nýja kennitalan er hluti af keðju sem hefur í þjónustu sinni erlendar starfsmannaleigur en þær spretta upp eins og gorkúlur á íslenskum vinnumarkaði um þessar mundir. Leigurnar flytja inn erlenda verkamenn sem eiga að fá lágmarkslaun á íslenskum vinnumarkaði og fá sumir greidd þau laun en aðrir ekki. Þessir erlendu verkamenn vinna flest eða öll störf sem unnin eru við byggingu fjölmargra mannvirkja á Íslandi um þessar mundir, líka þau störf sem iðnaðarmenn með löggild starfsréttindi eiga að vinna samkvæmt lögum og samningum sem eiga að gilda á íslenskum vinnumarkaði.

DAGBÓKIN - BREYTING Á AFHENDINGU

Í ár verður sú nýbreytni höfð á dreifingu á Dagbók FIT 2018 að félagsmenn annaðhvort sendi pöntun á fit@fit.is eða hringi í símanúmer 535-6000. Við munum síðan senda ykkur bókina hvert á land sem er. Eins er hægt að koma á skrifstofu félagsins og sækja sér eintak. Skrifstofur félagsins eru á eftirfarandi stöðum; Borgartúni 30, Reykjavík, Kirkjubraut 40, Akranesi, Austurvegi 56, Árborg, Strandvegi 54, Vestmannaeyjum og Krossmóa 4, Reykjanesbæ.

Dagbókin er með upplýsingasíðum um FIT og eins má finna ýmsan gagnlegan fróðleik í henni. Það getur einnig verið mjög hentugt að skrá alla vinnutíma hjá sér í dagbókina og eru nokkur dæmi þess að slík skráning hafi verið forsenda fyrir innheimtumálum.

Við hvetjum félagsmenn sem hafa áhuga á að eignast bókina að hafa samband og við munum senda hana fyrir áramótin.



Vetrarleiga orlofshúsa

Félagsmenn hafa verið í auknum mæli að nýta orlofshús FIT að vetri til og þau eru nú jöfnum höndum í notkun um helgar og í miðri viku yfir vetrartímann.

Það ber ýmislegt að varast þegar farið er í bústað að vetri til en þó er aðalatriðið ávallt að hafa fyrirhyggjuna í fyrirrúmi. Það er t.d. góð regla að athuga veður og færð áður en lagt er af stað og það er gott að athuga hvort bíllinn sé tilbúinn til vetraraksturs svo fátt eitt sé nefnt. Almenn er ekki um snjómokstur að ræða að bústöðum FIT. Ferðalög til og frá orlofsbústöðunum eru alfarið á ábyrgð leigjenda og FIT greiðir ekki kostnað sem leigutaki kann að verða fyrir vegna veðurs eða ófærðar, svo sem eldsneyti, mat eða gistingu.

Hamli veður eða færð, þannig að leigjandi komist ekki í orlofsbústað þarf, áður en leiga hefst, að tilkynna um slíkt til félagsins með tölvupósti (fit@fit.is). Það er forsenda til endurgreiðslu á leigu. Við slíkar aðstæður er um fulla endurgreiðslu að ræða og endurgreiðsla er alltaf í formi inneignar á orlofsvef FIT.

Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér orlofshúsin í vetur, enda um að gera að nota skammdegið til að bregða sér úr bænum og eiga notalega stund í sumarbústað með fjölskyldunni. Þar býðst einstakt tækifæri til útivistar og á vetrarkvöldum er hægt að njóta þess að horfa á norðurljósinn leiftra um stjörnuþrýddan himininn úr heita pottinum.



Félags- og faggreinafundir verða haldnir á eftirtöldum stöðum:

Reykjanesbær Mánudagur 20. nóvember kl. 18:00

Krossmói 4.

Reykjavík Þriðjudagur 21. nóvember kl. 20:00

Borgartúni 30, 6 hæð.

Akranes Miðvikudagur 22. nóvember kl. 20:00

Salur eldri borgara, Kirkjubraut 40.

Selfoss Fimmtudaginn 23. nóvember kl. 19:00

Fit salurinn að Austurvegi 56, 3 hæð.

Vestmannaeyjar Föstudagur 24. nóvember kl. 12:00

Kaffi Kró.

Veitingar í boði félagsins.

Félag iðn- og tæknigreina



Desemberuppbót 2017

Desemberuppbót, að meðtöldu orlofi, er kr.

86.000 fyrir eftirtalda kjarasamninga:

- Samtök atvinnulífsins
- Meistarasamband byggingamanna
- Snyrtifræðinga
- Bílgreinasambandið
- Félag pípulagningameistara
- Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma
- Samband garðyrkjubænda
- Ríkið

Upphæð desemberuppbótar í eftirtöldum kjarasamningum er:

- Reykjavíkurborg / Faxaflóahafnir: kr 94.300,-
- Strætó kr. 94.300,-
- OR-ON kr. 99.800,-
- Samband íslenskra sveitafélaga 110.750,-
- Landsvirkjun 124.824,-

Desemberuppbótin skal greiddast í síðasta lagi 15. desember miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Starfsfólk sem verið hefur samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða eru í starfi 1. desember á rétt á desemberuppbót.

Starfsfólk í **ákvæðisvinnu** fær greidda desemberuppbót líkt og aðrir.

Sá tími sem starfsmaður er í **fæðingarorlofi** telst sem starfstími við útreikning desemberuppbótar.

Iðnnemar í fullu starfi hjá fyrirtæki á námstíma fá fulla desemberuppbót.

Fullt starf telst vera 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof.


Reikniregla: Desemberuppbót deilt með 45 margfaldað með unnum vikum

Sjá nánar á heimasíðu FIT: fit.is/kjaramal.


Laun og launaþróun

Samantekt unnin fyrir FIT af Henny Hinz, deildarstjóra hagdeildar ASÍ, úr gögnum frá Hagstofu Íslands


Meðallaun á almennum og opinberum markaði á árinu 2016
Þúsundir króna




Laun iðnaðarmanna árið 2016
Fullvinnandi á almennum vinnumarkaði



Meðaltal heildarlauna 2016 e. störfum mánaðarlaun í þúsundum króna




Meðaltal heildarlauna 2016 e. störfum# mánaðarlaun í þúsundum króna#



Reglulegt tímakaup iðnaðarmanna e.störfum

Meðaltal ársins 2016 og framreikningur mv. launavísitölu iðnaðarmanna til júlí 2017



Kjarakönnun

Hér á eftir eru helstu niðurstöður könnunar sem FIT gerði meðal félagsmanna sinna. Könnunin var gerð í október sl. Góð þátttaka var í kjarakönnuninni en ríflega 700 félagsmenn FIT tók þátt. Þetta er marktækur fjöldi og svona kannanir nýtast í samningaviðræðum, sérstaklega í viðræðum um laun.


Við viljum þakka félagsmönnum kærlega fyrir þátttökuna.

Könnuð var aldurssamsetning þátttakenda og er niðurstaða hennar eftirfarandi.


Á hvaða aldri ert þú?	Fjöldi	Prósent
Yngri en 25 ára	33	4,69%
26-34 ára	140	19,89%
35-44 ára	163	23,15%
45-54 ára	165	23,44%
55-64 ára	149	21,16%
65 eða eldri	54	7,7%

Á hvaða bili voru heildartekjur þínar fyrir síðasta mánuð fyrir skatta?

Höfuðborgarsvæðið




Landsbyggðin




- Lægri en 300 þúsund
- 550 – 649 þúsund
- 300 – 349 þúsund
- 650 – 749 þúsund
- 350 – 399 þúsund
- 750 – 799 þúsund
- 400 – 449 þúsund
- 800 þúsund eða hærra
- 450 – 549 þúsund

Innan hvaða starfsgreinar starfar þú?




■ Bygginga og mannvirkjagreinar ■ Bílgreinar ■ Hönnun, listir, handverk ■ Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar ■ Garðyrkja ■ Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar ■ Tækniteiknun ■ Þjónustugreinar ■ Annað


Hver er dagvinnutaxti þinn? Meðaltal dagvinnutaxta fyrir bílgreinar



Hver er dagvinnutaxti þinn? Meðaltal dagvinnutaxta fyrir bygginga- og mannvirkjagreinar



Hver er dagvinnutaxti þinn? Meðaltal dagvinnutaxta fyrir málm-, véltækni- og framleiðslugreinar





Ungir iðnaðarmenn með bjarta framtíð

Framtíðin er björt hjá ungum nýútskrifuðum sveinum í Félagi iðn- og tæknigreina. Við eigum einstaklega hæfileikaríkt ungt fólk sem hefur ákveðið að leggja fyrir sig nám í iðn-, verk-, og tæknigreinum en við höfum verk að vinna í því að kynna og auka veg þessara greina og þá sér í lagi að horfa til þess að auka hlut ungra kvenna. Fréttabréf FIT ákvað að taka viðtal við nokkra nýútskrifaða sveina og athuga hvaða skoðanir þau hafa á náminu og starfinu.



Sigbór Fannar Grétarsson og Ásbergur Ragnarsson voru að útskrifast sem sveinar í blikksmíði og starfa báðir hjá Íslofti blikk- og stálsmíðju. Þeir eru 24 ára og æskuvinir frá þriggja ára aldri þegar þeir kynntust á leikskólanum heima í Grundarfirði. Þeir segjast eiginlega hafa verið saman síðan.

Hvernig byrjaði þetta með námið?

Við bara svona duttum inni þetta, ég fékk áhuga og kom svo félaganum inni þetta, segir Ásbergur sem varð fyrri til að fá þá hugmynd að fara að læra blikksmíði.

Jú við vorum alltaf búnir að ætla í einhverskonar iðngrein. Vorum aðeins búnir að kynnast iðnaðarvinnu í Grundarfirði svo við þekktum til þess að aðrir höfðu reynslu úr iðngreinum, þ.á.m. blikkfaginu.

Námið var mjög fínt. Við náttúrulega lærðum í Borgarholtsskóla, vorum mjög ánægðir þar. Komið var vel til móts við okkur og við höfðum góða og hvetjandi kennara.

Svo skiptir miklu máli að vera með góðan meistara, við vorum mjög heppnir þar. Við lærðum hjá Gunnari Valda í Íslofti blikk- og stálsmíðju.

Þannig að það var fínt að vera nemi í greininni og við héldum hópinn mjög vel. Einhverjir kláruðu með okkur og einhverjir klára næst.

Af hverju þetta iðnnám frekar en annað, hvað heillaði við blikksmíði?

Ég vissi nú varla hvað blikksmíði var þegar ég sótti um námið, segir Sigbór og hlær. En svo datt maður bara alveg inni þetta þegar maður kynntist verkefnum. Þetta er mjög áhugavert, skapandi og fjölbreytt. Því meira sem maður kynnist verkefnum og kemst inni þau, því meiri áhugi kviknar í raun og veru.

Hvernig er þá kynning á svona námi í ykkar grunnnámi?

Í grunnskóla fær maður auðvitað að smíða smávegis úr við. Svo var það í framhaldsskólanum sem við fórum að læra smá grunnteikningu og fá að gera örlítið meira. Við vorum í FSN - Fjölbautarskóla Snæfellinga. Svo lærðum við mest tengt faginu í Borgó.

Hvað er áhugaverðast í greininni og við þetta starf almennt?

Það er svo margt. Mikil fjölbreytni, mikið af alls konar smíði. Þetta er mjög víð grein, loftþrýstikerfi, klæðningar, það er svo margt sem tengist þessu. Virkilega skapandi að þurfa að finna lausnir og slíkt. Það er frábært þegar maður sér fullklárað verk sem hefur kannski tekið nokkra daga að finna útúr, þá er það mjög gefandi.

Hvernig ætti að standa að því að kynna iðngreinar betur fyrir ungu fólki?

Hægt væri að efla starfskynningar í skólum, alveg niður í grunnskóla, lofa krökkum að koma inná verkstæði í einn dag og kynnast því sem verið er að gera. Jafnvel að fá að prufa að smíða eitthvað einfalt eða búa eitthvað til. Það myndi hjálpa mikið við kynningu á grunnnámi. Og endilega byrja í grunnskólum svo krakkar geti íhugað að skoða slíka vinnu, enda er oft hægt að fá t.d. sumarvinnu í þessum störfum. Það er endalaust mikið að gera í þessum fögum og ekkert lát á verkefnum.

Hvernig er svo í vinnunni? Alltaf gaman?

Það er alltaf gaman í vinnunni, við höfum haldið vel saman og vinnum mjög mikið saman að verkefnum sem er líka alveg frábært.



Eina sem telst refsing í starfinu er að þurfa að vinna lengi við einangrun. Auðvitað getur þetta starf líka tekið svolítið á. Það getur verið erfitt að vinna úti og lyfta þungu og slíkt. En það heldur okkur bara í góðu formi, við fáum ágætis líkamlega hreyfingu útúr vinnunni líka sem hentar auðvitað mörgum vel. Slíkt venst vel og heldur okkur bara í þjálfun.

Sjáið þið fyrir ykkur áframhaldandi nám innan sviðsins?

Tvímælalaust sjáum við fyrir okkur möguleika á slíku, t.d. meiri tæknifræði tengda greininni, eða meistaranám.

Við vorum einmitt að skoða bæklinginn hjá IDUNNI-fræðslusetri, þar er ýmislegt sem við höfum tekið grunn að í Borgó og möguleikar á áframhaldandi viðbótarnámskeiðum. Þannig að það er ýmislegt að kynna sér þar í framhaldinu. Þetta er heldur alls engin endastöð heldur ef vilji er fyrir að halda áfram í frekara nám, þá er

þetta bara eitt skref hvað það varðar.

Hvað sjáið þið fyrir ykkur í framtíðinni?

Beinast liggur við að halda áfram í blikkinu, sjá hvert áhuginn tekur mann og reyna svo að bæta við sig og læra meira.

Við mælum klárlega með námi í þessari grein og hvetjum krakka til að skoða þessar greinar. Við teljum að það þurfi að kynna þessar greinar betur, til að sýna fram á hversu skemmtilegt og gefandi starf í þessum iðngreinum er.

Við heyrum mismunandi sögur af hvernig gengur á samningstíma og annað slíkt en ég held að flestir séu að koma ánægðir og sáttir út úr þessu fagi og öðrum viðlíka.

Við erum allavega alveg alsælir með þetta val. Þetta er eins og annað nám og vinna, það fæst út úr þessu það sem maður setur inn. Ef maður hefur fyrir þessu og leggur sig fram og vandar sig fær maður það til baka.

”

**Þetta er
sumpart
listgrein og
mjög skap-
andi**



Kolbrún Arna Jónsdóttir var einnig við sveinsprófsafhendingu en hún starfar hjá Litamálun, þar sem hún var á námssamningi. Kolbrún Arna náði þeim glæsilega árangri að vera hæst á sveinsprófi í málaraíðn. Við lögðum fyrir hana nokkrar spurningar um námið og starfið.

„Þetta er fín vinna fyrir stelpur“

Hvers vegna málaraíðn?

Ég lauk stúdentsprófi af listnámsbraut í FB en vissi ekki alveg hvað ég vildi gera í framhaldinu og fór bara að vinna.

Svo kom að því að mig langaði til að fara aftur í nám og gera eitthvað annað, vissi samt ekki alveg hvað svo þetta kom svolítið óvænt upp.

Það var ein sem var að vinna með mér sem var í húsassmíði og önnur sem ég þekki var að byrja í húsgagnasmíði mér fannst þetta spennandi og fór að skoða þetta nánar. Þetta var algerlega eitthvað sem ég hafði ekki hugsað úti að fara bara í eitt-hvað iðnnám. Svo ég fór að skoða þessar iðngreinar til að koma mér í nám aftur. Datt í hug að fara í hársnyrtiðn meðal annars.

Svo ég dreif mig bara í skólann. Þá var mér fljótlega ýtt úti að fara strax á samning sem mér finnst mikill kostur því þá kemst maður strax að því hvort þetta sé eitthvað sem maður vill gera til framtíðar.

Þetta er bæði mjög skemmtilegt og erfitt. Mér fannst ég ekki vita neitt hvað ég var að gera og hafði aldrei gert neitt svona lagað áður. Nema málað herbergið mitt einu sinni. En það er

alltaf einhver sem aðstoðar og leiðir áfram. Svo kemur í ljós að þetta er ekkert það flókið. Það skiptir miklu máli að hafa góðan meistara og þar var ég mjög heppin.

Auðvitað eru namar látnir sópa svolítið fyrst, en þannig er það líklega í öllum fögum.

Þetta byrjar smátt og svo fær maður að gera meira og meira.

Svo ég er bara mjög ánægð með þetta val. Sparslvinna og slípun er svo sem ekki það skemmtilegasta í heimi og því fylgir oft mikið ryk en þetta er almennt bara mjög fín vinna.

Hvað með skiptingu milli kynja í þessu fagi?

Ég fæ oft hrós fyrir að vera stelpa í þessari grein en þetta er fín vinna fyrir stelpur. Það var önnur með mér í náminu en það er nokkuð langt í land með að kynin jafnist í þessu fagi sem og öðrum iðngreinum.

Mælirðu með þessari grein?

Já alveg fyrir fólk almennt. Sérstaklega tel ég iðnnám vera mjög gott fyrir þau sem eru örlítið óákveðin með hvað þau

vilja gera og vilja kannski vinna við það sem þau eru að læra samhliða náminu. Þetta er líka alltaf gott að hafa í farteskinu úti lífið.

Hvað er áhugaverðast við starfið?

Mér finnst bara alltaf svo gaman að mála, sérstaklega finnst mér gaman að lakka. Svo er alltaf svo gefandi að sjá útkomuna. Þegar verk hefst fyrst eru bara gifsplötur og allt út um allt en þegar búið er að mála verður allt svo hreint og tilbúið. Það er góð tilfinning að ljúka verki.

Þetta er auðvitað líka skapandi. Ég er sérstaklega ánægð með að fólk er almennt farið að velja allskyns liti, þá er skemmtilegt að vinna úr slíkum verkefnum og sjá alla þessa liti sem fólk er að velja í húsin sín núna. Að því leyti til er gaman í faginu um þessar mundir.

Mér finnst nánast alltaf gaman í vinnunni þó að auðvitað sé einhver dagamunur eins og í öðru. Þetta er auðvitað stundum subbuleg vinna og óneitanlega hreinlega að sitja og vinna við tölvu en það er bara svo margt skemmtilegt og gefandi við þessi verkefni.

Margir halda að þetta sé mun minna mál en þetta er, því það geta allir málað en það eru mörg atriði sem koma því við sem ekki endilega allir vita af eða þæla í.

Ég kem oft skítug heim með málningu í hárinu og andlitinu, en það þrífst alveg úr. Þetta er almennt séð mjög fín vinna og ég

mæli með því fyrir alla sem hafa minnsta áhuga á einhverju svona að skella sér og prófa.

Hvað sérðu fyrir þér í framtíðinni?

Ég er nú ekkert komin það langt ennþá. Er bara að njóta þess að vera búin með þennan áfanga. Ég er ekki alveg búin að ákveða næsta skref, sem gæti verið hvað sem er.

Hvernig getum við aukið áhuga ungs fólks á iðngreinum almennt og sérstaklega þinni grein, málaraíðn?


Helst bara að gera þetta sýnilegra. Ég sá þetta ekki fyrir mér, fyrr en ég vissi um einhverja aðra í svipuðu og fór og prófaði. Mér finnst vanta fleiri fyrirmyndir og meiri kynningu á öllum þessum fögum í skólum og helst alveg niður í grunnskóla.

Þessi fög þurfa að vera sýnilegri, þetta var ekki einu sinni á radarnum mínum þegar ég var 16 ára og átti að vera hugsa um hvað ég vildi velja eða gera næst.

Krakkar sem eru 16 ára þekkja yfirleitt ekki til þessara faga nema ef einhver fjölskyldumeðlimur vinnur beinlínis við fagið og þau kynnast því í gegnum það.

Hvernig er það í þinni fjölskyldu?

Já, pabbi minn er smiður en ég var svo sem ekkert að horfa til þess endilega. Það var enginn að ýta mér úti þetta, við systkinin áttum bara að velja okkar leið sjálf.



VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er nýtt og frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á asi.is/klukk



Þegar ég fór að vinna með höndunum gat ég loksins einbeitt mér

Arnar Ingólfsson útskrifaðist í bifreiðasmíði í febrúar sl. með hæstu einkunn á sveinsprófi. Hann starfar hjá Toyota í Kaupþúni í Garðabæ.

Af hverju valdir þú bifreiðasmíði?

Bóknám átti einfaldlega ekki við mig. Ég prufaði, fór í MK til að gera eins og allir hinir og skráði mig á félagsfræðibraut. Það gekk ekki. Ég hefði viljað hafa meiri þekkingu á því þá hvað iðngreinar hafa uppá að bjóða.

Ég er með smá athyglisbrest og fyrir mig er mjög gott að vinna með höndunum. Svo ég fór að hugsa með mér hvað ég gæti gert til að finna því farveg, sem ég svo gerði.

Ég valdi bílasmíði í raun vegna fjölbreytninnar og hversu hratt þetta fag þróast. Ég er alltaf að læra eitthvað nýtt, ný hönnun er sífellt að koma fram og breytt og bætt tækni sem gerir þetta áhugavert. Þegar ég byrjaði í þessu fílaði ég þetta alveg í botn.

Þegar ég fór að vinna með höndunum gat ég loksins einbeitt mér og leið svo vel að vera að gera eitthvað. Maður lærir ekkert bara að vera handlaginn í sínu fagi, heldur lærir maður verksvit sem nýtist í svo mörgu öðru. Verður færari í allri vinnu og á auðveldara með fullt af hlutum. Mér fór fram í handlagni almennt þó að það tengist bílum ekkert endilega. Svo ég mæli með iðnnámi

fyrir alla en sérstaklega fyrir þá sem eru til dæmis ofvirkir eða finna að bóknám hentar ekki beint.

Ég lærði langmest þegar ég var kominn á samning og byrjaði að vinna við fagið. Grunnurinn var kannski úr skólanum en svo margfaldast öll þekkingin um leið og maður var kominn á samning og fór að vinna við fagið. Ég var á samningi hjá Toyota. Það er fínt að vera nemi í minni grein, aðalatriðið er að neminn hlusti á fyrir-mæli og leiðbeiningar þá er restin ekkert mál og allir koma mjög vel fram við mann.

Ég tók grunninn í Iðnskólanum í Hafnarfirði og kláraði svo í Borgó. Einu mistökin sem ég gerði var að skilja eftir tvo bóklega áfanga og eiga eftir að fara aftur í skólann til að klára þau. Ég mæli ekki með því. Fyrir þá sem eiga lítið eftir er langbest að drífa í að klára og helst strax. Bara taka frí úr vinnu klára fögin, taka sveinsprófið og halda svo áfram að vinna. Þegar ég t.d. loksins dreif mig í að klára þá lauk ég þessu með glans. Svo ég mæli með að allir klári bóklegu áfangana sem fyrst til að það sé frá.

Hverjum hentar þetta fag?

Öllum og ekki síst stelpum. Ég myndi vilja sjá fleiri stelpur í þessu námi. Það vantar sárlega fleiri konur og þetta er ennþá hálfgerð karlafag. Þær eru til dæmis fleiri sem fara í bílamálun en smíðina. En þær sem koma eru gjarnan mjög vandvirkar, nákvæmar og

samviskusamar og því mjög góðir starfsmenn. Kynjahlutföllin í bílgreinunum mættu vera jafnari. Um leið og fleiri stelpur fara í námið og verða sýnilegar munu fleiri fylgja í kjölfarið. Mig grunar að fullt af stelpum hafi áhuga en þori kannski ekki að stíga þetta skref að byrja í námi í bílgrein, þar sem greinin er svo karllæg fyrir.

Vonandi er þetta að breytast smávegis núna en mér finnst það bara gerast allt of hægt. Ég er viss um að það er fullt af stelpum, ekki síður en strákuum, sem finna sig ekki í bóknámi eða vilja vinna við eitthvað allt annað en þessar hefðbundnu kvennagreinar. Þá er gott að hafa val og hika ekki við að skella sér og prófa.

Hvernig á að kynna iðnnám og hvernig fáum við fleiri inn í fögin?
Kynning eða stutt námskeið strax í grunnskóla væri gott skref.

og sjá og finna hluti gerast. Það er ekkert líklegt að einhver fái brennandi áhuga á einhverri iðngrein með því að skoða powerpoint skjal í tölvu. Margt ungt fólk er hundfúlt að eiga að sitja kyrrt og horfa bara á eitthvað. Af hverju ekki að hafa meira af því að hægt sé að fíkta og prófa og komast í alvöru snertingu við fögin?

Til að hægt væri að gera meira í þessu, þyrfti að virkja stærri fyrirtæki til dæmis. Einhverjar kynningar eru haldnar í fyrirtækjunum, allavega stærri verkstæðum. Þar er hægt að sýna krökkum raunverulegt vinnuumhverfi og tæknina alla sem tengist faginu. Það myndi líka breyta hjá mörgum þessari ímynd af skítugu verkstæði með gryfju og allt í drasli.

Þá ætti að reyna að fá fleiri stelpur til að prófa að kynna iðn-



Þegar ég var í grunnskóla komu krakkar og kynntu framhaldsskólana en ég man ekki eftir kynningum á neinum iðngreinum. En þarna ákveða krakkar hvort þau fari í iðn- eða bóknám eftir grunnskólann svo kynningin á að vera í 10. bekk í síðasta lagi. Ein hugmynd er að virkja ungt fólk í fögunum til að kynna fögin í skólunum. Það er líklegra að krakkar hlusti á og sjái sem fyrirmynd einhverja sem eru ungir og starfandi í fögunum og við sem störfum við fögin verðum sýnilegri sem getur skipt máli hjá óákveðnum unglingum.

Mikilvægast er samt að krakkar fái að koma og prófa, komast í alvöru í snertingu við tæki og tól. Það er ekki nóg að labba með krakkana í gegnum verkstæði og sýna þeim eða jafnvel kynna fagið á tölvuskjá. Það er mikilvægt að prufa t.d. að sjóða

greinunum og hvetja þær sérstaklega. Þá þarf ekki að skrá sig í skóla og eyða heilli önn í að komast að því að eitthvað henti manni ekki.

Þegar ég var í grunnskóla voru það kallaðir tossar sem hugðust leggja stund á iðngreinar. Þetta verður að breytast! Þetta eru ekki tossar heldur velur fólk þau fög sem henta. Það þarf alls ekki að vera tossi til að hafa áhuga á iðngrein, þvert á móti. Hefja þarf iðnnámið til meiri virðingar og kynna fögin betur. Þessi ímynd af iðnnámi kemur líka vegna þekkingarleysis. Fólk þekkir ekki fögin. Í grunnskóla lærði maður smá smíði og textíl. Það gefur manni engar hugmyndir um hversu fjölbreytt iðnnám er sem eru tugir mismunandi faga.

Það er endalaust mikla vinnu að fá í þessu fagi. Gallinn er að

það vantar nýja nemendur. Það er t.d. ekki verið að kenna bíla-smíði núna sem er afar slæmt. Ég veit um nokkra sem voru búnir að skrá sig í bílasmíði og fluttu sig yfir í vélvirkjun þegar hætt var við að kenna bílasmíðina. Við missum þessa aðila úr faginu þótt það vanti alltaf fólk. Nú er hægt að fá samning án þess að vera byrjaður í náminu og vera bara búinn með grunndeild bíliðna, því mannaflaþörfin í greininni er það mikil.

Í iðnnámi er verðmætasköpunin og auðvelt að vinna sér inn peninga. Fólk sem getur unnið með höndunum á auðvelt með að finna vinnu og geta séð fyrir sér eins og staðan er núna. Það er fullt af bóknámi sem kemur í tiskubylgjum. Hópar fólks skrá sig í viðskiptafræði eða lögfræði og slíkt án þess að það sé nokkuð öryggi um störf. Á meðan er skortur á fólki í iðngreinum. Ég og þeir sem hafa sambærilega menntun geta labbað inná nánast hvaða verkstæði sem er og fengið vinnu. Þannig að atvinnuöryggið er mjög gott.

Er gaman í vinnunni?

Já það er alltaf gaman í vinnunni. Aðalatriðið hjá mér er að hafa nóg að gera. Það er nánast alltaf nóg að gera hjá mér og þá finnst mér gaman. Þá

líður tíminn hratt. Fólk er ekkert að hætta að klessa bílana sína, sem þýðir alltaf noga vinnu fyrir okkur. Bíll kemur inn skemmdur, bílaður, beyglaður eða allt saman og fer út í góðu ásigkomulagi, oft í betra lagi en áður en hann beyglaðist. Það er til dæmis gaman að sjá slíkan bíl sem maður hefur gert við, í umferðinni. Það er auðvitað góð tilfinning.

Hvað sérðu fyrir þér í framtíðinni? Stefniðu á frekara nám?

Mér líður vel þar sem ég er í dag. Engin spurning með það. Auðvitað er alltaf hollt að skipta um umhverfi en ég sé mig alveg í þessu sama í allavega 10 ár í viðbót. Ef ég ætla að bæta við mig

innan þessarar greinar væri það bara meistarakólinn. Ég mun örugglega fara í meistaran á einhverjum tímapunkti þó það sé ekkert á döfinni hjá mér núna. Þá gefst tækifæri til að vera með eigin rekstur og slíkt. Annars læri ég jafnvel bara eitthvað allt annað ef mér dettur það í hug.

Ég hef líka alltaf haft smá áhuga á hönnun. Einn möguleiki er að fara erlendis og læra bílahönnun. Til þess þarf annað hvort stúd-

entspróf eða sveinspróf í iðngrein.

Þannig að sveinspróf opnar alveg fullt af möguleikum líkt og stúdentspróf. Þó að það opni kannski ekki akkúrat sömu möguleikana.

Varðandi endurmenntun í faginu er alltaf mjög mikið af námskeiðum í boði hjá IDUNNI-fræðslusetri.

Þannig að það er mikið gert til að viðhalda þekkingu fólksins í þessum greinum. Tækninýjungar eru alltaf að koma fram og mikilvægt að þær séu kenndar jafnóðum. IDAN er með mjög gott framboð af námskeiðum í öllu nýjasta í faginu.

Á mínum vinnustað er lítið mál að fá að fara á námskeið til að viðhalda þekkingunni og þau eru m.a.s. niðurgreidd af fyrirtækinu. Svo er hægur vandi á stórum vinnustað að fá einhverja til að halda námskeið á

staðnum fyrir starfsfólkið. Það er ótrúlega mikilvægt að fyrirtæki hvetji starfsfólkið til að fara á námskeið og stunda virka endurmenntun til að viðhalda sér í greininni. Þannig fær auðvitað fyrir- tækið betri og verðmætari starfskrafta.

Við þurfum að kynna okkur allt þetta nýjasta því það er svo mikil endurnýjun í allri tækni í faginu. Áður en við vitum af verður allt orðið rafknúið og þá þyrftum við eiginlega öll að vera raf- virkjar líka!

Ég myndi halda að íslenski bílageirinn standi bara mjög framarlega hvað varðar fagmennsku og kunnáttu. Verkþekkingin þarf að vera á pari við alla nýjungagirninna.

”

Myndi vilja sjá fleiri stelpur í þessu fagi

Sveinsprófsstyrkur og skólagjöld

Við viljum benda iðnnemum á að Félag iðn- og tæknigreina veitir öllum námsmönnum, sem eru í FIT, sveinsprófsstyrk og styrk vegna skólagjalda.

Styrkir þessir eru hugsaðir með það að markmiði að laða að og hvetja ungt fólk til náms í iðngreinum.

Sveinsprófsstyrkur er 40% af reikningi vegna sveinsprófs að hámarki 66.000 kr.

Fylgigögn með umsókn eru reikningur/greiðslukvittun frá skóla og reikningur/greiðslukvittun vegna efniskostnaðar. Það þarf einnig að fylgja með staðfesting á sveinsprófi.

Styrkur vegna skólagjalda til menntunar í iðngreinum innan FIT er 50% af reikningi vegna skólagjalda að hámarki 15.000 kr. hver önn. Heimilt er að sækja um 2 annir á ári. Fylgigögn með umsókn eru reikningur/greiðslukvittun frá skóla og staðfesting á skóla- vist.

Umsóknum um styrki skal skilað inn á mínar síður á fit.is



Ég hefði viljað fá betri kynningu á iðnnámi í grunnskóla

Döggvi Már Ármannsson tók stúdentspróf úr Flensburg og útskrifaðist í vélfræði úr Tækniskólanum og lauk nú í haust sveinsprófi í vélvirkjun. Hann var á námssamningi hjá Kletti sölu og þjónustu og starfar þar núna.

Hvað varð til þess að þú valdir þessa leið og þetta nám?

Ég var alls ekki á þessari leið þegar ég var í grunnskóla. Byrjaði bara á því að taka stúdéntinn í Flensburg og ætlaði ekkert að fara áfram í skóla, var bara búinn að fá nóg af því að sitja á skólabekk. Svo fór ég samt að skoða háskólanám, var að skoða vélaverkfræði eða íþróttfræði, þannig að þetta var allt frekar opið hjá mér. En ég átti vin sem var í vélfræðinni og hafði sjálfur aðeins verið í mótorkrossi sem áhugamál og var þá eitthvað búinn að vera að fíktu í vélum í gegnum það. Svo að á endanum ákvað ég bara að prufa þetta og skræði mig í Vélskólann. Þá kom í ljós hvað þetta var mikið verklegt og skemmtileg vinna. Þannig að ég kláraði allt þetta verklega og endaði svo með því að taka bóknaðið í kjölfarið. Ég mæli samt ekki endilega með því að gera þetta í þessari röð. Það var bara allt þetta verklega sem ég var búinn með sem togaði mig í bóklega námið líka til að klára. Skólastofunám hentar mér í raun og veru ekkert vel en það endaði þannig að ég lauk 5 ára námi í vélfræði. Mér líkar mjög vel að vinna í höndunum og finnst þetta hafa hentað mér betur

en bóknaði. Þó ég væri ekki lélegur í bóknaði hefur áhuginn alltaf verið í verklegri vinnu. Ég vann við fagið á sumrin og eitthvað með skólanum. Svo tekur samningurinn við eftir 5 ára nám svo þetta er ansi langt.

Eftir á að hyggja hefði verið best að fara beint í þetta nám eftir grunnskóla. Mig langaði í verklegt nám strax þá. Sérstaklega þar sem námið felur í sér stúdentspróf líka. En það var smá pressa á mér að fara bara í framhaldsskóla og ljúka stúdentsprófi þaðan. Það er svolítið ætlast til þess að maður fari þessa leið, að klára stúdéntinn í framhaldsskóla. Auðvitað er ég samt feginn að vera með þessa menntun sem ég er með í dag. Því mögulega hefði ég lokið sveinsprófi og látið þar við sitja og væri þá ekki með sömu menntun og ég er með núna.

Í Flensburg hafði ég klárað félagsfræðibraut svo ég fékk eitthvað metið en ekki mikið. Ég er til dæmis núna með stúdentspróf bæði af félagsfræði og náttúrufræðibraut. Það er nokkuð sérstakt. Ég hefði alveg getað farið og tekið réttu fögin í Flensburg strax ef ég hefði verið búinn að ákveða framhaldið þá. Þá hefði ég alveg getað sleppt slatta af greinum og verið mun fljótari að klára mitt nám ef ég hefði farið strax eftir því sem ég hef mestan áhuga á. Ég hafði í raun engan áhuga á félagsvísindagreinum en vildi bara klára stúdéntinn og valdi einföldustu leiðina til þess á þeim tíma. Ég mæli klárlega með að krakkar ihugi hvar áhuginn liggur og kanni námsmöguleika í samræmi við það. Þá skiptir félagslífið líka miklu máli. Því það er alltaf

hluti af skólanum og hefur mikið að segja með hvort það er gaman í skólanum þennan tíma sem maður er þar.

Svo þú mælir með námi í þessari grein?

Já. Maður lærir alveg helling í þessu námi og það er góður grunnur uppá framtíðina. Kosturinn við Vélskólann er einnig að maður fær stúdentsprófið um leið. Svo ef maður vill fara í háskólanám þá er það opið.

Ef einhver ætlar sér aftur á móti bara að læra einhverja iðn er einfaldast að fara beint í hana og taka sveinspróf. Það þarf samt að vera auðvelt að geta tekið stúdentsprófið samhliða iðnnáminu ef áhugi er fyrir því. Ef fólk vill hafa allar dyr opnar verður það að vera auðvelt. Í öðrum löndum er til dæmis þetta nám sem ég tók, yfirleitt á háskólastigi. Svo ef ég færi til hinna Norðurlandanna að vinna væri ég með nám samsvarandi BS gráðu þar.

Þannig að þetta er mjög alþjóðlegt nám. Einnig er hægt að sérhæfa sig í mismunandi greinum. Það eru fullt af námskeiðum innan fyrirtækjanna sem veita ákveðin réttindi þó að það séu ekki prófgráður. En ef ég myndi t.d. ákveða að sækja um vinnu erlendis, myndu slík réttindi telja.



”

Þetta er mjög alþjóðlegt nám

Hvernig er svo að starfa við fagið?

Ég var á samningi hjá Kletti sölu og þjónustu og vinn þar núna og er mjög ánægður þar.

Vinnan er mjög fjölbreytt og skemmtileg. Bátavinna úti á landi og viðgerðir hér og þar. Það gerir starfið enn skemmtilegra að vera að vinna á mismunandi stöðum. Ég mæli með þessu námi og fagi fyrir alla sem hafa áhuga á vélum og tækni yfirleitt og þá sem vilja gera eitthvað með höndunum. Þetta er reyndar nokkuð mikil karlagrein. Það eru yfirleitt bara 2-3 stelpur í skólanum og svo er einhverra hluta vegna mikið um stráka utanaf landi í þessu fagi. Það er eins og fleiri hér á höfuðborgarsvæðinu fari í háskólanám.

Hvað er hægt að gera til að kynna þetta nám betur?

Ég hefði viljað fá betri kynningu á iðnnámi í grunnskóla. Það er bara svo algengt að gert sé ráð fyrir að maður fari í menntaskóla til að geta farið í háskóla. Þá fer maður bara þá leið. Það væri til dæmis hægt að nýta betur lífsleikniáfanga til að kynna mismunandi störf og námsleiðir. Það kom til dæmis enginn frá Vélskólanum að kynna skólann þegar ég var í grunnskóla. Mögulega kom einhver frá Iðnskólanum í Hafnarfirði að kynna hann enda var ég í grunnskóla þar, rétt hjá Iðnskólanum.

Sumarvinna kemur líka sterk inn. Það hefur mikil áhrif hvað krakkar eru að gera á sumrin og hvernig störfum þau kynnast í gegnum það. Mín sumarvinna hefur alltaf verið í einhverri iðn. Ég var t.d. að vinna í blikksmiðju meðal annars.

Fyrirmyndir skipta líka máli og hvað fólk í kringum mann er að gera. Það gefur hugmyndir og vekur oft áhuga. Þannig mætti kynna betur þessa möguleika í grunnskólunum eða að greina betur áhuga hjá nemendunum og gera það fyrir í náminu, eða strax í grunnskóla.

Hvað sérðu fyrir þér í framtíðinni?

Frekara nám er alls ekki útilokað. Það eru alls konar möguleikar opnir með þessa menntun. Þetta nám opnar ýmsar dyr þar sem það felur í sér alþjóðleg réttindi. Ég gæti farið og unnið nánast hvar sem er í heiminum með mín réttindi. Eins er þetta mjög fjölbreytt svið sem hægt er að vinna við eftir Vélskólann. Sumir fara að starfa við kæli-tækni eða vélaviðgerðir eins og ég og aðrir fara til sjós. Svo það eru margir möguleikar sem við höfum innan þessa fags.

Vonandi hef ég einhverntímann líka tök á að vinna erlendis. Það væri draumur. En ég er ekkert búinn að ákveða framhaldið núna. Er búinn með þetta og hæstánægður með að vera með nám sem gefur mér mikla möguleika. Það er auðvelt að fá vinnu núna, bæði á sjó og landi og tekjumöguleikarnir eru góðir.

Afhending sveinsbréfa

Afhending sveinsbréfa haustið 2017 fór fram við hátíðlega athöfn á Hótel Hilton Nordica fimmtudaginn 21. september sl.

Vel var mætt og athöfnin tókst í alla staði vel. Veitingarnar voru glæsilegar að vanda en IDAN-fræðslusetur hefur umsjón með athöfninni. Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri IDUNNAR ávarpaði gesti samkomunnar. Samhliða afhendingu sveinsbréfa voru veitt verðlaun fyrir hæstu einkunn á sveinsprófi.

Sveinsbréf voru afhent í mörgum greinum. Félagsmenn FIT fengu sveinspróf í eftirtöldu:

- 3 í bifreiðasmíði
- 10 í bifvélavirkjun

- 7 í bílamálun
- 3 í blikksmíði
- 19 í húsamíði
- 2 í húsgagnasmíði
- 8 í málaraíðn
- 11 í múraraíðn
- 9 í pípulögnum
- 8 í vélvirkjun

Við óskum nýsveinum öllum innilega til hamingju með áfangann.

Látum myndirnar tala sínu máli og bendum á fleiri myndir í myndasafni á fit.is og á facebooksíðu FIT.



**Bifvélavirkjar****Bifreiðasmiðir****Bílamálarar****Blikksmiðir****Húsgagnasmiðir****Húsasmiðir****Málarar****Múrarar****Píparar****Vélvirkjar**

A portrait of Elsa Eiríksdóttir, a woman with long brown hair and bangs, looking directly at the camera with a neutral expression. The background is blurred, showing what appears to be an outdoor setting with trees and a building.

Ungt fólk og starfsnám

Er hægt að efla starfsmenntun?

Elsa Eiríksdóttir, lektor í verk- og starfsmenntun, Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Á Íslandi hefja flest ungmenni nám í framhaldsskóla eða um 95% af hverjum árgangi síðan 2010 samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands, en þetta hlutfall var 69% árið 1990. Bóknám dregur til sín flesta nemendurna og þrátt fyrir að í boði séu meira en 100 starfsnámsbrautir virðast aðeins um 10-20% af nemendum sem fara beint í framhaldsskóla úr grunnskóla velja sér starfsmenntun. Á heildina er þó um þriðjungur nemenda sem eru skráðir í starfsnámi í framhaldsskólum. Þetta hlutfall þykir lágt, en að meðaltali eru um 46% nemenda OECD ríkja á framhaldsskólastigi í starfsnámi. Munur á hlutfalli þeirra sem velja starfsnám beint eftir grunnskóla og hlutfalli í starfsnámi almennt skýrist á því að starfsnám virðist vinsælla hjá eldri nemendum í framhaldsskólum, enda er meðalaldur starfsmenntanema um 25 ár á meðan meðalaldur bóknámsnema er um 19 ár.

Þegar rætt er um að efla starfsmenntun er oft talað um að annars vegar fjölga þeim sem velja starfsnám almennt þannig að hlutfall þeirra sem velja sér starfsmenntun verði nær því sem gerist meðal OECD landa. Hins vegar er lögd áhersla á að fá fleira ungt fólk til að velja starfsmenntun – og er þá sérstaklega verið að miða að því að fá fleiri nemendur til að velja starfsnám beint eftir grunnskóla. Að auki má nefna að brotthvarf nemenda virðist meira í starfsmenntun en bóknámi og oft eru aðgerðir gegn brottfalli einnig hluti af áformum um að efla starfsmenntun.

Í nýlegri skýrslu ríkisendurskoðunar segir „um árabíl hefur verið bent á mikilvægi þess að fjölga iðn- og tæknimenntuðu fólki hér á landi, gera starfsnám að raunverulegum valkosti í skólakerfinu og auka virðingu fyrir verknámi og verkfærni“ en niðurstaða úttektarinnar er að þrátt fyrir þetta hafi lítið gerst. Jón Torfi Jónasson hefur löngum fjallað um þetta mál og skrifaði 1995 um baráttuna milli bóknáms og starfsnáms og segir þar „áhugi fyrir eflingu starfsmennt-

unar í þágu atvinnulífsins hefur lengi verið fyrir hendi á Íslandi“ og seinna bendir hann á að tilraunir til að styrkja stöðu verknáms hafi meðal annars verið markmið með ákvæði í lagasetningu 1946 um verknámsdeildir. Því er áherslan á að efla skuli starfsmenntun ekki ný af nálinni í umræðunni hér. Af hverju hefur lítið þokast?

Ýmsar ástæður hafa verið tilteknaðar og eflaust spila þær flestar einhverjar rullu. Í úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytisins á starfsmenntun á Íslandi frá 2013 er m.a. nefnt að framboð náms sé ekki nægilega í takt við þarfir atvinnulífsins, að ekki séu skýrar leiðir í háskólanám úr starfsnámi og að starfsráðgjöf hafi nokkuð akademíska slagsiðu. Í skýrslu ríkisendurskoðunar er ómarkvissri stefnumótun og ófullnægjandi aðgerðum stjórnvalda m.a. kennt um hversu lítið hefur þokast í starfsmenntamálum – sérstaklega í ljósi þess hve flókið starfsmenntakerfið og stjórnsýsla þess er. Jón Torfi Jónasson hefur einnig rætt um „fjandvini“ starfsmenntunar og á þar við að þrátt fyrir áhuga á að efla starfsnám eru ýmsar ástæður fyrir að ákveðin öfl vinni í raun á móti yfirlýstu markmiði. Fjandvinir starfsnáms eru samkvæmt greiningu hans atvinnulífið, menntakerfið, kostnaður við starfsnám (sérstaklega að það sé dýrara en bóknám), óljósar skilgreiningar á starfsmenntun, þjóðfélagsbreytingar og ólík staða bóknáms og starfsnáms. Hér langar mig að fjalla stuttlega um hvernig margir þessir þættir tengjast einnig innbyrðis, sem flækir málin óneitanlega.

Sem dæmi má taka umfjöllun um forsendur fyrir námsvali ungs fólks. Stundum er því haldið fram að fleira ungt fólk muni velja starfsnám ef það fengi betri kynningu á því starfsnámi sem stendur þeim til boða. Það er eflaust rétt í einhverjum tilvikum, en ég held við verðum að viðurkenna að málið er töluvert flóknara en það. Rannsóknir á áhuga nemenda í elstu bekkjum grunnskóla hafa gefið til kynna að nemendum líki betur við og hafi meiri áhuga á verklegum greinum en bóklegum. Þrátt fyrir það velja flestir bóknám í framhaldi. Kristjana Stella Blöndal og kollegar hafa einnig komist að því að þeir nemendur sem hafa valið starfsnám eru vissari um sitt val

og skuldbundnari því, en þeir sem velja bóknám. Þeir nemendur sem höfðu haft meiri áhuga á starfsnámi í grunnskóla en valið bóknám í framhaldsskóla voru almennt óvissari um námsval og höfðu oft hugsað um að skipta um námsbraut en aðrir. Þetta bendir til þess að þrýstingur er á nemendur að velja bóknám (til stúdentsprófs) og að nemendur sem velja starfsnám þurfa sennilega oft að rökstyðja sitt val. Í þessu samhengi verður einnig að minnast þess að stúdentspróf hefur löngum haft mikilvæga stöðu í hugum fólks, bæði sem aðgangsmiði í háskólanám og störf í millistétt. Þrátt fyrir að nú sé orðið algengara að nemendur í starfsnámi bæti við sig því sem þarf til að útskrifast bæði með lokapróf í sinni starfsgrein og stúdentspróf (Elsa Eiríksdóttir, 2012), virðist mýtan um að nemendur verði að velja annað hvort starfsmenntun eða stúdentspróf í framhaldsskóla lífseig. Með nýlegri styttingu bóknáms í framhaldsskólum er þó ljóst að þessi leið er nemendum töluvert tímafrekari.

Til viðbótar áhuga og möguleikum á háskólanámi, eru einnig aðrir þættir sem hafa áhrifa á námsval. Þröstur Þór Ólafsson gerði nýlega rannsókn þar sem hann skoðaði póstrúmer nemenda í framhaldsskólum sem bjóða upp á starfsnám á landsbyggðinni og komst að því að þar sem bóknámsskóli var í heimabyggð voru nemendur ólíklegir til að velja starfsnám. Þannig virtist staðsetning framhaldsskóla ráða miklu um námsval nemenda. Þröstur bendir á að hér skiptir aldur nemenda miklu máli, en sjaldgæfara er að 16 ára flytji að heiman í dag en áður. Í ljósi þess að allir nýir framhaldsskólar sem stofnað hefur verið til síðan 2000 eru bóknámsskólar verður að viðurkennast að þetta styður þá niðurstöðu Jóns Torfa að menntakerfið og kostnaður við starfsnám séu fjandvinir starfsnáms. En sú staðreynd að meðalaldur starfsnámsnema í framhaldsskólum er um 25 ára sýnir að margir nemendur velja starfsmenntun, en þeir gera það

seinna en kerfið ætlast til. Spurningin er því hvort hægt er að ætlast til að 16 ára nemendur séu upp til hópa tilbúnir til að velja sér starfsvettvang af þeirri nákvæmni sem til er ætlast þegar þeir innritast í starfsnám á framhaldsskólastigi? Danir hafa í nýlegum umbótum á starfsmenntakerfi sínu búið til breitt grunnnám starfsmenntunar sem sérstaklega er ætlað nemendum sem koma beint úr grunnskóla til að kynna ólíkum starfsgreinum. Einnig má velja því fyrir sér hvort sérhæfing í starfsmenntun eigi heima á háskólastigi, en síðastliðna áratugi hafa sífellt fleiri starfsgreinar færst á háskólastig og gera nú ráð fyrir stúdentsprófi til undirbúnings.

Til viðbótar verður einnig að nefna hversu flókið starfsmenntakerfið er. Það er erfitt fyrir aðra en innvígða að henda reiður á þeim námsbrautum sem í boði eru og þessu til viðbótar er oft krafist bæði náms í skóla og á vinnustað til útskriftar. Í löggiltum iðngreinum er það í höndum nemenda að útvega sér samning á vinnustað og má ætla að það geti reynst ungum nemendum erfiður bita. Í mörgum greinum er einnig erfitt að komast að hjá vinnustöðum og getur það leitt til tafa í námi og jafnvel brottfalls. Það að ekki sé hægt að tryggja útskrift við upphaf náms getur varla talist aðlaðandi. Á heildina litið er því ansi margt sem vinnur gegn því að starfsnám verði ofan á hjá nemendum sem ígrunda valkosti sína.

Á ofangreindu er ljóst að það að ætla sér að efla starfsmenntun er hægara sagt en gert ef viðmiðið er að auka fjölda þeirra sem velja sér og ljúka starfsnámi. Því er kannski ekki skrítið að lítið hafi þokast í þessum málum þrátt fyrir að almennt sé samkomulag um mikilvægi. Ég tel að fyrsta skrefið sé að horfast í augu við hversu margþætt og flókið vandamálið er og nálgast það heildstætt með markvissri samvinnu allra sem eiga í hlut ef við ætlum ekki að halda áfram að ræða um að efla starfsmenntun á sama hátt næstu 70 árin til viðbótar.

Mínar síður á fit.is

Síðurnar eru lifandi gátt í rauntíma inní félagakerfi FIT. Allir greiðandi og virkir félagsmenn eru með aðgang að þjónustusíðum með rafrænum skilríkjum eða íslykli.

Á þjónustusíðum geta félagsmenn:

- **Séð yfirlit yfir greiðslur iðgjalda.**
Hægt er að sjá hvort atvinnurekandi hefur skilað lögbundnum gjöldum til félagsins.
- **Séð yfirlit yfir sín réttindi til að sækja um styrki:**
Á yfirlitssíðu er listi yfir þá styrki sem félagsmaður hefur réttindi til að sækja um ásamt stöðu sinni hafi hann þegar nýtt sér hluta af viðkomandi styrk.
- **Sótt um styrk með rafrænum hætti:**
Á síðunni opnar félagsmaðurinn einfalt umsóknarform sem hann fyllir út. Kvittanir eru sendar með hverri umsókn sem viðhengi og fara beint í gagnagrunn félagakerfisins. Umsóknin er send rafrænt í félagakerfi FIT og er afgreidd þar.

Þetta gerist allt í rauntíma og þetta er örugg tenging.

- **Séð yfirlit yfir eldri styrki ásamt stöðu þeirra.**
Þannig er hægt að sjá stöðu styrkja sem búið er að sækja um og skoða hvaða styrki félagsmaður hefur nýtt.
- **Breytt skráðum upplýsingum um sig á mínum síðum.**
Mikilvægt er að athuga hvort rétt netfang sé skráð og að bankaupplýsingar séu réttar.

Allar umsóknir eru svo yfirfarnar af starfsfólki og viðhengi skoðuð áður en styrkir eru afgreiddir og sendir til greiðslu. Mínar síður hafa verið í stöðugri þróun frá því að þær voru opnaðar. Því er gott að sem flestir skoði og noti síðurnar og komi ábendingum til starfsfólks skrifstofunnar ef þarf.

Nánari upplýsingar á fit.is.



Breytingar á íslenskum vinnumarkaði

Á síðastliðnum 10 árum hefur orðið gríðarleg breyting á íslenskum vinnumarkaði. Mikill fjöldi erlendra starfsmanna er að störfum t.d. í bygginga- og mannvirkjagerð og starfsemi tengdri ferðapjónustu. Þessar tvær stóru atvinnugreinar eru háðar aðgengi að erlendu vinnuafli og dæmi eru um stóra vinnustaði í mannvirkjagerð sem eru utan stjórnenda, eingöngu mannaðir með erlendum starfsmönnum. Þessi staðreynd setur á okkur miklar félagslegar skyldur við að tryggja erlendu vinnuafli þau starfskjör sem þeim ber samkvæmt kjarasamningum og lögum.

Almenna reglan í EES samningnum er að við megum ekki mismuna fólki eftir þjóðerni þ.e.a.s. erlent vinnuafli sem er að störfum á Íslandi á að njóta hliðstæðra starfskjara og Íslendingar ef um sambærileg störf er að ræða.

Mikill misbrestur er á að farið sé eftir þessari meginreglu og fullyrða má að erlent vinnuafli sé upp til hópa langt undir markaðslaunum og í sumum tilfellum undir kjarasamningsbundnum launum. Þessi þróun vinnur gegn okkur sjálfum og ekki síst þeim fyrirtækjum sem eru að gera tilboð í verk og vill hafa sín mál í lagi.

Aðildarfélag Samiðnar hafa haldið úti vinnustaðaeftirliti til að

tryggja að erlendir starfsmenn séu rétt skráðir og þeir hafi vinnustaðaskírteini. Einnig hafa ríkisskattstjóri og Vinnuálastofnun haldið úti vinnustaðaeftirliti í samstarfi við stéttarfélögin eða ein og sér.

Nú hefur Samiðn í samstarfi við Byggiðn og FIT stigið einu skrefi lengra og beinir athyglinni sérstaklega að launakjörum og réttindum erlendra starfsmanna.

Verkefnið heitir Planið!!!

Planið hefur verið skipulagt í samstarfi við lögmenn Samiðnar og má segja að það byggji á þremur þrepum.

Fyrsta þrepið er vinnustaðaheimsókn þar sem allir starfsmenn eru skráðir og stjórnendur eru krafðir um upplýsingar um starfskjör og starfsréttindi.

Annað þrepið felst í því að ganga eftir upplýsingum um starfskjörin ef þau hafa ekki borist og krefja fyrirtækin um tillögur til úrbóta ef vinnustaðaheimsóknin hefur leitt í ljós að þeirra er þörf.

Þriðja þrepið felst í aðgerðum gegn fyrirtækinu ef ekki hefur fengist ásættanleg lausn og þá kemur m.a. til kasta lögmanna. Slíkar aðgerðir geta falist í kærum til lögreglu, málsókn fyrir félagsdómi og aðgerðum á vinnustað.



Nú þegar hafa nokkrir vinnustaðir verið heimsóttir og er verið að vinna úr þeim upplýsingum sem aflað hefur verið og í öðrum tilfellum er verið að vinna að því að fá umbeðnar upplýsingar. Viðbrögð fyrirtækjanna eru ólík allt frá því að fagna að það sé verið að fylgjast með kjörum erlendra starfsmanna yfir í að neita að veita umbeðnar upplýsingar.

Fyrirtæki sem ekki veita umbeðnar upplýsingar eru heimsótt aftur og aftur þar til umbeðnar upplýsingar fást. Ljóst er af þeim upplýsingum sem nú þegar liggja fyrir að kjör erlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði eru misjöfn og fullyrða má að í einhverjum tilfellum eru þau undir lágmarkslaunum. Einnig liggur fyrir að mikill fjöldi starfsmanna er að vinna störf þar sem krafist er sveinsprófs án þess að hafa slík réttindi eða sambærileg réttindi frá sínu heimalandi.

Í þeim tilfellum þar sem starfsmenn eru að vinna iðnaðarmanastörf er gerð krafa um að starfsmenn leggi fram staðfestingu á starfsréttindum.

Við viljum fá fyrirtækin í lið með okkur enda teljum við að um sameiginlegt hagsmunamál sé að ræða. Við viljum að fyrirtækin hafi þann metnað að vera með vel menntað starfsfólk enda eru þau að reisa flókin mannvirki sem eiga að standa áratugum saman og standast mikið álag.

Við eigum að líta á erlenda starfsmenn sem auðlind sem okkur er nauðsynlegt að hafa aðgang að.

Við erum að fara illa með þessa auðlind.

Erlendir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði leggja mikið til þess hagvaxtar sem er á Íslandi og þeirra lífsgæða sem við búum við í dag.

Til að tryggja erlendum starfsmönnum þau kjör sem þeim ber verða allir að spila með.

Við megum ekki loka augunum vegna þess að það hentar okkur í augnablikinu.

Við eigum að láta vita ef við verðum þess áskynja að erlendir starfsmenn fái ekki notið þeirra réttinda sem kjarasamningar og lög tryggja þeim.

Það stefnir í að aðgerðir okkar fari á þriðja þrepið á næstu vikum og þá þurfum við að standa saman sem einn maður.





Glaðbeittur hópur heldrimanna í sinni árlegu hópferð

Heldrimannaferð FIT 2017

Félag iðn- og tæknigreina fór í sína árlegu ferð með „Heldri félagsmenn“ sunnudaginn 1. október. Félagar frá Akranesi og Reykjanesi voru sóttir og síðan farið á tveimur rútum frá Borgartúni 30 klukkan 10:00. Ekið var sem leið lá austur fyrir fjall og félagar teknir upp í Hveragerði og á Selfossi. Þátttakendur urðu alls 86 en auk þess voru í ferðinni formaður félagsins Hilmar Harðarson, Rúnar Hreinsson, ljósmyndari og fararstjórinn, Gunnar Halldór Gunnarsson.

Fyrsti áfangastaður ferðarinnar var Stóri Núpur en þar rétt hjá er fyrirhugað að reisa Hvammsvirkjun í neðri hluta Þjórsár. Fyrsta altarisganga ferðarinnar fór þar fram á planinu. Á Stóra Núpi sóttum við félaga okkar Gunnar Þór Jónsson vélsmið með meiru. Gunnar Þór tók að sér að leiðsega okkur um núverandi og fyrirhugaðar virkjanir í Þjórsá. Hann hefur mikla innsýn í virkjanamál, var við að reisa flestar virkjanirnar, þekkir allskonar tæknilega þætti og gat einnig fræddi okkur um ýmsar skoðanir og viðhorf til virkjananna. Ekið var upp með Þjórsá að

vestanverðu og áð á Hálendismiðstöðinni Hrauneyjum. Þar var tekið á móti mönnum með fordrykk og síðan samkvæmt venju var sunnudags-lambalæri með öllu og einnig kaffi og ís á eftir. Þar brustu menn í söng við undirleik harmonikkuspils Boga Sigurðssonar.

Eftir matinn var lagt af stað áleiðis til Hvolsvallar. Ekið var niður með Þjórsá, Landsveg og fljótlega eftir að beygt var inná Þingskálaveg, rétt hjá Næfurholti, var stoppað fyrir hópmynda-töku og einnig þótti tilhlýðilegt að taka þar til altaris. Næsta stopp var á Hvolsvelli þar sem Lava Centre var skoðað. Þar fór hópurinn í kaffi og fengu sér rjómapönnuköku. Allir voru sammála um að þeir hefðu ekki komið inn á glæsilegra safn og sýningu. Þar gafst einnig tími til að syngja með nikku-undirspili og eins fengu sögur og brandarar að fljúgja á milli manna. Síðan var haldið heim á leið með viðkomu hjá Urriðafossi þar sem tekið var til altaris í síðasta skipti þessarar ferðar.

Heimferðin gekk vel og það voru þreyttir og ánægðir iðnaðarmenn sem komu til síns heima um kvöldið og allir harðákveðnir í að mæta í næstu ferð að ári.





SAMEINADIR

KRAFTAR!

EINN ÖFLUGASTI LÍFEYRISSJÓÐUR LANDSINS

Við erum sterkari þegar við vinnum saman. Stafir lífeyrissjóður og Sameinaði lífeyrissjóðurinn hafa nú sameinast í einn öflugasta lífeyrissjóð landsins undir merkjum Birtu. **Saman erum við sterkari!**